

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 581/2021 um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/405 um skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tiltekin dýr og vörur, sem eru ætluð til manneldis, til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, 3. tölul., svohljóðandi:

3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1327 frá 10. ágúst 2021 um breytingu á II., IX. og XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 að því er varðar skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn nýtt kjöt af villtum staktæðum hófdýrum, lagarafurðir úr lagareldi og skordýr til Sambandsins og um leiðréttingu á XI. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð að því er varðar skrá yfir þriðju lönd og svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn froskalappir og snigla til Sambandsins.

2. gr.

Ofangreind framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 54/1990, um innflutning dýra, lög nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lög nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, lög nr. 60/2006, um varnir gegn fisk-sjúkdómum og lög nr. 71/2008, um fiskeldi. Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 93/1995, um matvæli, lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, lögum nr. 60/2006, um varnir gegn fisksjúkdómum og lögum nr. 71/2008, um fiskeldi, öll með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 21. september 2021.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Iðunn Guðjónsdóttir.

Fylgiskjal.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1327**

frá 10. ágúst 2021

um breytingu á II., IX. og XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 að því er varðar skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn nýtt kjöt af villtum staktæðum hófdýrum, lagarafurðir úr lagareldi og skordýr til Sambandsins og um leiðréttingu á XI. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð að því er varðar skrár yfir þriðju lönd og svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn froskalappir og snigla til Sambandsins

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hlidsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hlidsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fôður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 127. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- (1) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 ⁽²⁾ bætir við reglugerð (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til mannelis, inn í Sambandið frá þriðju löndum eða svæðum þeirra til að tryggja að þær uppfylli gildandi kröfur, sem komið var á með reglunum um matvælaöryggi, sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 eða kröfur sem viðurkennt er að séu a.m.k. jafngildar þeim. Þessar kröfur taka til auðkenningar á dýrum og vörum, sem eru ætluð til mannelis, sem mega einungis koma inn í Sambandið frá þriðju löndum eða svæðum sem eru skráð í samræmi við a-lið 2. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.
- (2) Einungis má færa þriðja land eða svæði þess á skrána sem um getur í a-lið 2. mgr. 126. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625 ef það uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 og kröfurnar sem mælt er fyrir um í a- til f-lið 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625. Krafan sem mælt er fyrir um í f-lið 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625 er tilvist, framkvæmd og miðlun eftirlitsáætlunar vegna efnaleifa sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt, þegar við á, í samræmi við tilskipun ráðsins 96/23/EB ⁽³⁾.
- (3) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/405 ⁽⁴⁾ er mælt fyrir um skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tiltekin dýr og vörur, sem eru ætluð til mannelis, til Sambandsins í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/625 en með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/163/ESB ⁽⁵⁾ eru samþykktar áætlanir um vöktun efnaleifa sem tiltekin þriðju lönd hafa lagt fram vegna tiltekinnna dýra og dýraafurða sem eru tilgreind í viðaukanum við þá ákvörðun.
- (4) Ákvörðun 2011/163/ESB var breytt með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/653 ⁽⁶⁾ og með henni voru samþykktar áætlanir tiltekinnna þriðju landa um vöktun efnaleifa sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í f-lið 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625. Nokkur þessara þriðju landa hafa þegar lagt fram viðeigandi sannanir og ábyrgðir fyrir því að viðkomandi dýr og vörur uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í a- til e-lið 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625. Til samræmis við það ætti að færa þessi lönd á skrárnar sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405.
- (5) Með framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/653 var samþykki fyrir áætlunum tiltekinnna þriðju landa um vöktun efnaleifa, sem eru sem stendur í skránum sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405, fellt brott eða takmarkað. Breyta ætti skránum, sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405, til samræmis við það til að fella brott eða takmarka heimildir þessara landa.
- (6) Með framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/653 var áætlun Namibíu um vöktun efnaleifa, að því er varðar villt veiðidýr, samþykkt. Þar eð Namibía lagði fram fullnægjandi sannanir og ábyrgðir fyrir því að landið uppfylli kröfurnar í löggjöf Sambandsins vegna komu sendinga af nýju kjöti, að undanskildum sláturmat og hökkuðu kjöti, og unnum kjötvörum úr villtum staktæðum hófdýrum inn í Sambandið ætti að bæta þessu landi við í skrána yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 frá 4. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til mannelis, inn í Sambandið (Stjtið. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 18).

⁽³⁾ Tilskipun ráðsins 96/23/EB frá 29. apríl 1996 um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra í lifandi dýrum og dýraafurðum og um niðurfellingu á tilskipunum 85/358/EBE og 86/469/EBE og ákvörðunum 89/187/EBE og 91/664/EBE (Stjtið. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10).

⁽⁴⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/405 frá 24. mars 2021 um skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tiltekin dýr og vörur, sem eru ætluð til mannelis, til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 (Stjtið. ESB L 114, 31.3.2021 bls. 118).

⁽⁵⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/163/ESB frá 16. mars 2011 um samþykki fyrir áætlunum sem þriðju lönd hafa lagt fram í samræmi við 29. gr. tilskipunar ráðsins 96/23/EB (Stjtið. ESB L 70, 17.3.2011, bls. 40).

⁽⁶⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/653 frá 20. apríl 2021 um breytingu á ákvörðun 2011/163/ESB um samþykki fyrir áætlunum sem þriðju lönd hafa lagt fram í samræmi við 29. gr. tilskipunar ráðsins 96/23/EB (Stjtið. ESB L 138, 22.4.2021, bls. 1).

flytja inn villt staktæð hófdýr til Sambandsins, sem mælt er fyrir um í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405, með athugasemdinni „einungis villt veiðidýr“.

- (7) Með framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/653 var áætlun Nígeríu um vöktun efnaleifa, að því er varðar lagareldi, samþykkt með athugasemdinni „að undanskildum fiski“. Þar eð Nígería lagði fram fullnægjandi sannanir og ábyrgðir fyrir því að landið uppfylli kröfurvar í löggjöf Sambandsins vegna komu sendinga af lagarafurðum úr lagareldi inn í Sambandið ætti að breyta færslunni varðandi Nígeríu í skránni, sem mælt er fyrir um í IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405, til að landið fái heimild til að flytja inn sendingar af lagarafurðum úr lagareldi til Sambandsins, að undanskildum fiski.
- (8) Með framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/653 var áætlun Óman um vöktun efnaleifa, að því er varðar lagareldi, samþykkt með athugasemdinni „að undanskildum krabbadýrum“. Þar eð Óman lagði fram fullnægjandi sannanir og ábyrgðir fyrir því að landið uppfylli kröfurvar í löggjöf Sambandsins vegna komu sendinga af lagarafurðum úr lagareldi inn í Sambandið ætti að breyta færslunni varðandi Óman í skránni, sem mælt er fyrir um í IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405, til að landið fái heimild til að flytja sendingar af lagarafurðum úr lagareldi inn í Sambandið, að undanskildum krabbadýrum.
- (9) Með framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/653 var athugasemdinni „að undanskildum krabbadýrum“ bætt við samþykkið fyrir áætlunum um vöktun efnaleifa, að því er varðar lagareldi, hjá Falklandseyjum, Montenegro (Svartfjallalandi), Marokkó og Úkraínu. Af þessum sökum ættu þessi lönd ekki að fá heimild til að flytja krabbadýr úr lagareldi inn í Sambandið. Því ætti að breyta IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 til samræmis við það.
- (10) Með framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/653 var athugasemdinni „að undanskildum fiski“ bætt við samþykkið fyrir áætlunum um vöktun efnaleifa, að því er varðar lagareldi, hjá Gvatemala, Mósambík, Nikaragva og Tansaníu. Af þessum sökum ættu þessi lönd ekki að fá heimild til að flytja fisk úr lagareldi inn í Sambandið. Því ætti að breyta IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 til samræmis við það.
- (11) Með framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/653 var neðanmálgreinum, sem eiga við um lagareldisafurðir, breytt. Í stað „einungis krabbadýr“ og „einungis fiskur“ kom „að undanskildum fiski“ og „að undanskildum krabbadýrum“, eftir því sem við á. Af ástæðum sem varða samkvæmni er nauðsynlegt að aðlaga orðalag athugasemdana í IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 að orðalaginu í framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/653.
- (12) Hinn 12. mars 2021 lagði lögbært yfirvald í Breska konungsríkinu viðeigandi spurningalista fyrir framkvæmdastjórnina vegna mats á innflutningi skordýra, sem eru ætluð til manneldis, til Sambandsins. Lögbært yfirvald í Breska konungsríkinu svaraði öllum spurningum með fullnægjandi hætti og lét þar með framkvæmdastjórninni í té fullnægjandi sannanir og ábyrgðir fyrir því að kröfur, sem eru jafngildar 1. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, séu uppfylltar. Af þeim sökum ætti að færa Breska konungsríkið inn í skrána yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af skordýrum til Sambandsins, sem mælt er fyrir um í XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405, með fyrirvara um beitingu laga Sambandsins um og innan Breska konungsríkisins að því er varðar Norður-Írland, í samræmi við 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, í tengslum við 2. viðauka við þá bókun.
- (13) Því ætti að breyta II., IX. og XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 til samræmis við það.
- (14) Ákvæði XI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 innihalda villur sem varða Armeníu og Aserbáísjan að því er varðar að upplýsingar vantar og leyfi fyrir vöru. Þessar villur breyta merkingu textans.
- (15) Því ætti að leiðrétta XI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 til samræmis við það.
- (16) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað II., IX., XI. og XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 kemur textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel,

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

Ursula VON DER LEYEN

VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

Skrá yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af nýju kjöti, að undanskildum sláturmat og hökkuðu kjöti, og unnum kjötvörum úr villtum staktæðum hófdýrum, eins og um getur í 5. gr. og 2. mgr. 19. gr., til Sambandsins

ISO-KÓDI LANDS	ÞRIÐJA LAND	ATHUGASEMDIR
NA	Namibía	Einungis villt veiðidýr
ZA	Suður-Afrika	Einungis villt veiðidýr

IX. VIÐAUKI

Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af tilteknum lagarafurðum, eins og um getur í 13. gr., 18. gr. (3. mgr.), 19. gr. (4. mgr.), 20. gr. (3. mgr.), 22. gr. (b-liður) og 25. gr. (d-liður), til Sambandsins

ISO-KÓDI LANDS	ÞRIÐJA LAND EDA SVÆDI ÞESS	ATHUGASEMDIR
AE	Sameinuðu arabísku furstadæmin	Lagareldi: Einungis hráefni sem er annaðhvort frá aðildarríkjum eða frá öðrum þriðju löndum sem samþykkt eru til innflutnings á sliku hráefni til Sambandsins
AG	Antígva og Barbúda	Einungis lifandi humar úr villtum afla
AL	Albanía	Að undanskildum krabbadýrum úr lagareldi
AM	Armenía	Einungis lifandi villtir vatnakrabbar, hitameðhöndlaðir vatnakrabbar sem eru ekki eldisdýr og frystir vatnakrabbar sem eru ekki eldisdýr
AO	Angóla	Einungis villtur afli
AR	Argentína	
AU	Ástralía	
AZ	Aserbaisjan	Einungis kaviar úr villtum afla
BA	Bosnía og Hersegóvína	Að undanskildum krabbadýrum úr lagareldi
BD	Bangladess	
BJ	Benín	Einungis villtur afli
BN	Brúnei	Einungis lagareldisafurðir
BQ	Bonaire, Sankti Estatíusey, Saba	Einungis villtur afli
BR	Brasilía	
BS	Bahamaeyjar	Einungis villtur afli
BY	Belarús (Hvíta-Rússland)	
BZ	Belís	Einungis villtur afli
CA	Kanada	
CG	Kongó	Einungis villtur afli. Einungis lagarafurðir sem eru veiddar, frystar og pakkaðar í endanlegar umbúðir á hafí úti
CH	Sviss ⁽¹⁾	
CI	Filabeinsströndin	Einungis villtur afli
CL	Chile (SÍle)	
CN	Kína	
CO	Kólumbía	
CR	Costa Rica	
CU	Kúba	
CV	Grænhöfðaejjar	Einungis villtur afli
CW	Curaçao	Einungis villtur afli
DZ	Alsír	Einungis villtur afli
EC	Ekvador	
EG	Egyptaland	Einungis villtur afli
ER	Eritrea	Einungis villtur afli
FJ	Fíji	Einungis villtur afli
FK	Falklandseyjar	Að undanskildum krabbadýrum úr lagareldi
GA	Gabon	Einungis villtur afli

ISO-KÓDI LANDS	ÞRÍÐJA LAND EDA SVÆÐI ÞESS	ATHUGASEMDIR
GB	Breska konungsríkið (²)	
GD	Grenada	Einungis villtur afli
GE	Georgía	Einungis villtur afli
GG	Guernsey	Einungis villtur afli
GH	Gana	Einungis villtur afli
GL	Grænland	Einungis villtur afli
GM	Gambía	Einungis villtur afli
GN	Ginea	Einungis villtur afli. Einungis fiskur sem ekki hefur verið tilreiddur eða unninn á annan hátt en með hausun, slægingu, kælingu eða frýstingu.
GT	Gvatemala	Að undanskildum fiski úr lagareldi
GY	Gvæjana	Einungis villtur afli
HK	Hong Kong	Einungis villtur afli
HN	Hondúras	
ID	Indónesía	
IL	Ísrael (²)	
IM	Mön	
IN	Indland	
IR	Íran	Að undanskildum fiski úr lagareldi
JE	Jersey	Einungis villtur afli
JM	Jamaíka	Einungis villtur afli
JP	Japan	
KE	Kenya	
KI	Kiribati	Einungis villtur afli
KR	Suður-Kórea	
KZ	Kasakstan	Einungis villtur afli
LK	Srí Lanka	
MA	Marokkó	Að undanskildum krabbadýrum úr lagareldi
MD	Moldóva	Einungis kaviar
ME	Montenegro (Svartfjallaland)	Að undanskildum krabbadýrum úr lagareldi
MG	Madagaskar	
MK	Norður-Makedónía	
MM	Myanmar (Mjanmar)	
MR	Máritanía	Einungis villtur afli
MU	Máritíus	
MV	Maldívur	Einungis villtur afli
MX	Mexíkó	
MY	Malasía	
MZ	Mósambík	Að undanskildum fiski úr lagareldi
NA	Namibía	Einungis villtur afli
NC	Nýja-Kaledónía	Að undanskildum fiski úr lagareldi
NG	Nígería	Að undanskildum fiski úr lagareldi
NI	Níkaragva	Að undanskildum fiski úr lagareldi
NZ	Nýja-Sjáláland	
OM	Óman	Að undanskildum krabbadýrum úr lagareldi
PA	Panama	
PE	Perú	
PF	Franska Pólýnesia	Einungis villtur afli
PG	Papúa Nýja-Ginea	Einungis villtur afli
PH	Filippseyjar	
PM	Sankti Pierre og Miquelon	Einungis villtur afli
PK	Pakistan	Einungis villtur afli

ISO-KÓÐI LANDS	ÞRIÐJA LAND EÐA SVÆÐI ÞESS	ATHUGASEMDIR
RS	Serbía	
RU	Rússland	Einungis villtur affli
SA	Sádi-Arabía	
SB	Salómonseyjar	Einungis villtur affli
SC	Seychelles-eyjar	Einungis villtur affli
SG	Singapúr	
SH	Sankti Helena (Að undanskildum eyjunum Tristan da Cunha og Ascension)	Einungis villtur affli
	Tristan da Cunha (Að undanskildum eyjunum Sankti Helenu og Ascension)	Einungis humar (nýr eða frystur) úr villtum aflu
SN	Senegal	Einungis villtur affli
SR	Súrínám	Einungis villtur affli
SV	El Salvador	Einungis villtur affli
SX	Sankti Martin	Einungis villtur affli
TH	Tailand	
TN	Túnís	Að undanskildum krabbadýrum úr lagareldi
TR	Tyrkland	
TW	Taívan	
TZ	Tansanía	Að undanskildum fiski úr lagareldi
UA	Úkraína	Að undanskildum krabbadýrum úr lagareldi
UG	Úganda	
US	Bandaríkin	
UY	Úrúgvæ	
VE	Venesúela	
VN	Víetnam	
YE	Jemen	Einungis villtur affli
ZA	Suður-Afríka	Einungis villtur affli
ZW	Zímbabve	Einungis villtur affli

(¹) Í samræmi við samninginn milli Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss frá 21. júní 1999 um viðskipti með landbúnaðarafurðir (Stjtið. EB L 114, 30.4.2002, bls. 132).

(²) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, taka vísanir til Breska konungsríkisins, að því er þennan viðauka varðar, ekki til Norður-Írlands.

(³) Skilst héðan í frá sem Ísraelsríki, að undanskildum þeim yfirráðasvæðum sem hafa verið undir stjórn Ísraels frá júní 1967, þ.e. Gólanhæðir, Gasasvæðið, Austur-Jerúsalem og allur Vesturbakkinn.

XI. VIÐAUKI

Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af froskalöppum og sniglum, eins og um getur í 17. gr., til Sambandsins

ISO-KÓÐI LANDS	ÞRIÐJA LAND EÐA SVÆÐI ÞESS	ATHUGASEMDIR
AL	Albanía	
AM	Armenía	Einungis sniglar
AU	Ástralía	
AZ	Aserbaisjan	
BA	Bosnía og Hersegóvína	Einungis sniglar
BR	Brasilía	Einungis froskalappir
BY	Belarús (Hvíta-Rússland)	Einungis sniglar
CA	Kanada	Einungis sniglar
CH	Sviss (¹)	
CI	Filabeinsströndin	Einungis sniglar
CL	Chile (Síle)	Einungis sniglar
CN	Kína	

ISO-KÓÐI LANDS	ÞRIÐJA LAND EÐA SVÆÐI ÞESS	ATHUGASEMDIR
DZ	Alsír	Einungis sniglar
EG	Egyptaland	Einungis froskalappir
GB	Breska konungsríkið ⁽²⁾	
GG	Guernsey	
GH	Gana	Einungis sniglar
ID	Indónesía	
IM	Mön	
IN	Indland	Einungis froskalappir
JE	Jersey	
MA	Marokkó	Einungis sniglar
MD	Moldóva	Einungis sniglar
MK	Norður-Makedónía	Einungis sniglar
NG	Nígería	Einungis sniglar
NZ	Nýja-Sjáland	Einungis sniglar
PE	Perú	Einungis sniglar
RS	Serbia	Einungis sniglar
TH	Tailand	Einungis sniglar
TN	Túnis	Einungis sniglar
TR	Tyrkland	
UA	Úkraína	Einungis sniglar
US	Bandaríkin	Einungis sniglar
VN	Vietnam	
ZA	Suður-Afríka	Einungis sniglar

⁽¹⁾ Í samræmi við samninginn milli Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss frá 21. júní 1999 um viðskipti með landbúnaðarafurðir (Stjtið. EB L 114, 30.4.2002, bls. 132).

⁽²⁾ Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarmerkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, taka vísanir til Breska konungsríkisins, að því er þennan viðauka varðar, ekki til Norður-Írlands.

XV. VIÐAUKI

Skrá yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af skordýrum, eins og um getur í 24. gr., til Sambandsins

ISO-KÓÐI LANDS	ÞRIÐJA LAND EÐA SVÆÐI ÞESS	ATHUGASEMDIR
CA	Kanada	
CH	Sviss	
GB	Breska konungsríkið ⁽¹⁾	
KR	Suður-Kórea	
TH	Tailand	
VN	Vietnam	

⁽¹⁾ Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarmerkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, taka vísanir til Breska konungsríkisins, að því er þennan viðauka varðar, ekki til Norður-Írlands.“